



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

Blogg:

Opin gátt í allar áttir

Ritgerð til MA-prófs í hagnýtri ritstjórn og útgáfu

Kristín Birna Kristjánsdóttir

Maí 2014

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Hagnýt ritstjórn og útgáfa

Blogg:

Opin gátt í allar áttir

Ritgerð til MA-prófs í hagnýtri ritstjórn og útgáfu

Kristín Birna Kristjánsdóttir

Kt.: 150179-3439

Leiðbeinandi: Gunnþórunn Guðmundsdóttir

Maí 2014

Úrdráttur

Á hverju degi fer fólk á öllum aldri um allann heim á netið. Á netinu er ekki einungis að finna vefsíður heldur einnig samfélagsmiðla líkt og blogg. Blogg hefur frá því það varð til átt miklum vinsældum að fagna á meðal fólks á öllum aldri og öllum stigum þjóðfélagsins. Hver sem er getur búið blogg, skrifað um áhugamál sín, líf sitt og skoðanir. Bloggið opnaði fyrir gáttir sem gerir hverjum sem er að koma álitinu sínu á framfæri. Hér verður rætt um sögu bloggsins, tilkomu þess og möguleika. Einnig verður rætt um það hvernig bloggið getur haft jákvæð áhrif á andlega heilsu fólks, haft áhrif á félagslíf þeirra og jafnvel efnahagslega afkomu þess.

Jafnframt verður rætt um platblogg og hvernig bloggheimurinn bregst við því og kröfum hans um heilindi innan samfélags bloggara. Þar að auki verður skoðað hvernig best sé að bloggsíður líti út og hvernig texta er komið fyrir og að endingu verður framtíð bloggsins rædd.

Efnisyfirlit

Inngangur	Bls. 1
1. kafli	
Fæðing bloggins	Bls. 2
2. kafli	
Hvað er blogg og til hvers er það notað?	Bls. 3
3. kafli	
Siðferðislegar reglur í bloggheimum	Bls. 8
3.1. Afhjúpánir og krafa um heilindi.....	Bls. 8
3.2. Ritskoðun og ritstjórn í bloggheimum.....	Bls.10
3.2.1. Íslenskt dagbókarblogg.....	Bls. 14
3.2.2. Þematengd blogg.....	Bls. 15
4. kafli	
Að lifa á bloggheimum	Bls. 17
5. kafli	
Útlit og hönnun	Bls. 18
5.1. Útlit og uppsetning.....	Bls. 18
5.2. Textaskrif.....	Bls. 20
6. kafli	
Framtíð bloggsins	Bls. 22
Niðurstöður	Bls. 24

Inngangur

Ein af grunnþörfum mannsins er tjáning og tungumálið það sem greinir okkur frá öðrum lífverum. Við höfum leitað ýmissa leiða í gegnum söguna til að tjá öðru fólki hug okkar. Við höfum gert það með söng, ljóðum, sögum, ræðum og með ýmsum öðrum leiðum. Hin nýjasta tjáningarleið okkar er mögulega að finna í samskiptamiðlum, eins og bloggi. Með bloggi hefur aldrei verið eins auðvelt að koma skoðunum, hugmyndum og tilfinningum sínum á framfæri. Þess vegna er ekkert undarlegt við að það að fólk á öllum aldri hefur fundið leið í gegnum til að efla andlega vellíðan sína og styrkja sjálfsmynd sína með samskiptum við annað fólk í gegnum bloggið. Fólk deilir einnig kunnáttu sinni með öðrum líkt og handverksfólk, matgæðingar og fleiri sem brenna fyrir áhugmálum sínum.

Það er fyrir tilstilli þessa fólk að ég sem á ekki margar matreiðslubækur opna tölvuna mína, skrifa það sem mig langar að elda í leitarvél Google.com, til dæmis og fæ margar uppskriftir upp gefna, flestar af þeim frá bloggum einstaklinga. Það má því segja að bloggara og aðrir sem gaman hafa af netinu hafi opnað gáttir að öllu á milli himins og jarðar.

1.kafli

Fæðing bloggsins

Í byrjun tíunda áratugarins vann vísindamaður nokkur fyrir CERN.¹ Vísindamaðurinn vann við rannsóknir á öreindum í Sviss og var vel þekktur fyrir rannsóknir sínar. Maðurinn hét Tim Berners-Lee. Uppgötvanir Berners-Lee einskorðuðust þó ekki við öreindir því árið 1990 fann Tim upp veraldarvefinn, sem slíkan (The World Wide Web) þegar hann kláraði að smíða þau tól sem til þurfti við smíð fyrstu vefsíðunnar. Þessi uppgötvun hans þótti ekki mjög mikilvæg á þessum tíma en alnetið hafði þá verið til í hátt í tuttugu ár. Vísindamenn, forritarar og fólk sem hafði áhuga á nýjum tjáningarleiðum hafði notast við alnetið á þeim tíma. Áður en „netið“ varð til þurfti hver einasta aðgerð á netinu kóða og reglur, jafnvel þegar senda átti tölvupóst. Það var því ekki á færi allra að nýta sér þennan möguleika og fólk leit á alnetið, bara sem enn aðra leiðina til að fara eftir reglum (Walker, 2013). Hið nýja net Tims og í raun og veru fyrsta tilraun hans til að skapa vefsvæði var gerð fyrir texta og því ekki mögulegt að setja inn myndir eða myndbönd.

Eftir tilraunir Berners-Lee þróaðist netið á skömmum tíma og árið 1993 var mögulegt að smíða vefsíður sem innihéldu myndir og árið 1994 voru fáeinir einstaklingar farnir að skrifa dagbækur á netinu, aðallega vefhönnuðir og forritarar þó. Einn af þeim var frumkvöðullinn Justin Hall, sem enn þann dag í dag skrifar samviskusamlega í netdagbókina sína (netsíða Justins er: *www.Justin's Links*). Um 1990 var hugtakið *Web log* notað yfir nokkurs konar gestabók fyrir stjórnendur tiltekinna netþjóna, þar sem skrá var haldin yfir fjölda heimsókna. En árið 1997 notaði netdagbókar-ritarinn Jorn Berger orðið *weblog* í einu orði og sem yfirskrift síðu sinnar eða *A Weblog by Jorn Berger* á netsíðu sinni *Robot Wisdom*. Síða Jorns samanstóð mestmegnis af tenglum á aðrar síður sem hann mælti með og var því líkari skrá en dagbók. Dave Winer, enn virkur bloggari, hafði gert slíkt hið sama á svipuðum tíma og Jorn Berger notaði orðið með sömu merkingu. Orðið hefur fengið aðra merkingu í dag og hefur hún farið frá því að vera *web log* með merkingunni netskrá í það að þýða net-dagbók og svo nú í *We-blog* þá er orðinu skipt á annan hátt og fær allt aðra merkingu eða, við bloggum (Blood, 2002, Walker, 2013; Hewitt, 2005; Sauers, 2007).

¹ Conseil Européen pour la Recherche Nucléaire.

Hinir fyrstu eiginlegu bloggarar voru vanir að nostra við kóðun og HTML smíðar til að byggja upp síður sínar. Þær urðu því stundum ansi hráar og klaufalegar jafnvel, en áhuginn var svo mikill að það þótti fyrirhafnarinnar virði. Frá árinu 1998 til 1999 komu fram á sjónarsviðið nokkur ný ókeypis tól, sem gerðu bloggurum kleift að uppfæra og „gefa út“ blogg og netdagbækur sínar á mun auðveldari máta. Pitas (diaryland.com, stofnað 1999) var eitt af fyrstu ókeypis netdagbókarverkfærnum, sem buðust almenningi. Eftir það má segja að holskefla netdagbóka og blogga hafi riðið yfir netheiminn. Á síðastliðnum 20 árum hafa ýmis netfyrirtæki boðið upp á hýsun blogga og verkfæri til að smíða þau, en í dag má segja að fyrirtækin *Blogger.com*, *Wordpress.com* og *Tumblr.com* séu hvað þekktust. Þau eru bæði þægileg í notkun og bjóða upp á fjölmarga valmöguleika hvað varðar útlit síðunnar og eigandi bloggsins þarf enga kunnáttu að hafa í HTML eða kóðun. Blogger og Wordpress bjóða þar að auki upp á ókeypis hýsingu og útlitsþemu. Til eru íslensk fyrirtæki sem bjóða upp á blogg þjónustu, til dæmis 123.is og Blog.is. Greiða þarf fyrir þjónustu 123.is en Blog.is býður upp á ókeypis þjónustu.

2. kafli

Hvað er blogg og til hvers er það notað?

Það sem skilgreinir blogg er hin öfuga tímaröð þar sem nýjasta færslan er fremst eða efst á síðunni og eldri færslur færast aftar, tíðar færslur, allt frá einu sinni á tveggja vikna fresti og upp í nokkrum sinnum á dag. Þetta geta verið færslur um hvað sem er. Til dæmis geta bloggin verið í dagbókarformi, þau geta verið þematengd eða jafnvel starfrækt og rekin af fyrirtækjum, en stofnanir og fyrirtæki eru í sívaxandi mæli að nota blogg sem miðil og tengil við viðskiptavinum og það sem skiptir kannski hvað mestu máli, verðandi viðskiptavinum.²

Orðið weblog, eins og áður hefur komið fram er notað yfir orðið vefdagbók, en sumir bloggarar hafa nú skipt orðinu með öðrum hætti og vilja nota *We Blog*, með öðrum orðum „við bloggum“ (Blood 2009). Það að segja „við bloggum“ er ekki einungis yfirlýsing sem gefur til kynna að bloggarar tilheyri sínu eigin samfélagi heldur hefur hún djúpstæðari

² Fyrirtæki notfæra sér blogg í síauknum mæli, bæði erlendis og hér á Íslandi: nova.is, advania.is. Erlenid:amazon.com, facebook.com, wholefoods.com

merkingu. Sú merking vísar til þarfar mannsins til að tjá sig, viðra skoðanir sínar, fá viðurkenningu fyrir afrek sín og fyrst og fremst vera í samskiptum við annað fólk. Fjölmargar rannsóknir sýna fram á að skrif hafi jákvæð áhrif á fólk og eru slíkar meðferðir jafnvel notaðar við ýmsum geðrænum vandamálum og talið er að þau hafi langvarandi áhrif á líkamlega heilsu almennt (Pennebaker og Klihr Beall, 1986; Wright, 2002; o.fl.)

Rannsóknir hafa einnig sýnt fram á það að blogg geti haft jákvæð áhrif á fólk. Með því að skrifa um daglegt líf eða áhugamál fær einstaklingurinn útrás fyrir tilfinningar sínar og hugsanir og það sem er að gerast í lífi þeirra. En öfugt við hefðbundin dagbóarskrif fá höfundar jafnan viðbrögð frá ókunnugu fólkum við frásögnum þeirra, viðbrögð frá fólkum í svipuðum aðstæðum og þeir sjálfir. Með þeim hætti myndast hópar fólks með svipuð vandamál eða áhugamál; fólk sem ræðir sín á milli og sækir styrk og stuðning hvert í annað (Walker, 2013; Tan, 2008).

Þann 4. janúar 2012 birtist á heimasíðu American Psychological Association rannsókn sem gerð var á 161 unglungi. Meðalaldur barnanna voru 15 ár. Rannsóknin snerist um samanburð á unglungum sem voru haldnir kvíða og vanlíðan tengdum félagslegum samskiptum. Unglingarnir áttu erfitt með að tengjast fólkum og eignast vini, eða áttu erfitt með að eiga eðlileg samskipti við þá vini sem þeir áttu. Rannsóknin gekk út á það að fylgjast með framförum unglunganna eftir að þeim hafði verið skipt í sex hópa. Fjórir hópar áttu að opna sitt eigið blogg en verkefnið voru misjöfn. Tveir hópar áttu að blogga um félagsleg vandamál sín og átti annar af þeim tveimur að hafa opið fyrir athugasemdir hjá sér. Hinir tveir hóparnir máttu blogga um hvað sem þá lysti, og líkt og fyrr átti annar hópurinn hafa opið fyrir athugasemdir. Hinir tveir hóparnir áttu ýmist að skrifa í hefðbundnar dagbækur eða ekki að gera neitt. Fjórir sérfræðingar í sálfræðum máttu hópana eftir tvo mánuði og þetta var niðurstaða þeirra (www.apa.org, 2012):

Self-esteem, social anxiety, emotional distress and the number of positive social behaviors improved significantly for the bloggers when compared to the teens who did nothing and those who wrote private diaries. Bloggers who were instructed to write specifically about their difficulties and whose blogs were open to comments improved the most. All of these results were consistent at the two month follow-up (Azy Bakar, 2012).

Þeir sem stóðu fyrir rannsókninni vildu meina að hin gagnvirki eiginleiki opinna blogga eða blogga með möguleika á athugasemdum hafi mest áhrif á fólk. Það er vegna þess að í flestum

tilfellum eru aðrir bloggarar og eða einstaklingar sem lesa blogg tilbúnir að veita stuðning og skilning með hlýjum orðum til bloggarans í vanda. Í könnun sem gerð var af America Online árið 2005 kemur í ljós að 50% þeirra sem blogga nota bloggið sem nokkurs konar sjálfsmeðferðar-verkfæri (Tan, 2008). Sem dæmi um það má nefna rannsókn sem Leon Tan gerði þegar hann tók fyrir blogg Jenny-jar (dulnefni) frá Nýja Sjálandi. Bæði var blogg hennar skoðað og viðtal tekið við hana. Jenny er mjög virkur bloggari en það skal þó tekið fram að hún hefur sterkt félagslegt net á bak við sig. Hún bloggar því ekki vegna einmanaleika heldur er bloggið kærkomin viðbót í félagslíf hennar. Suma bloggvini hefur hún hitt í eigin persónu og hún kynntist núverandi manni sínum í gegnum bloggið sitt.

Hún segir að það sé engu líkt að finna vettvang, stað þar sem kannski ein manneskja af milljón getur komið manni í gott skap með því einu að segja: „Ég skil alveg um hvað þú ert að tala“ eða „það er allt lagi að líða svona.“ Það er því ljóst að Jenny sækist ef „einhverju“ sem bætir líðan hennar. Þetta „eitthvað“ er nokkuð alveg sérstakt. Það eru viðbrögð sem sýna fram á skilning á því sem færslan inniheldur og býður upp á staðfestingu og skilning á því sem færslan hennar lýsir. Ef þetta er sett í samhengi við sálfræðimeðferðir sem einnig má finna hjá Kate Anthony (2004) og því sem hún segir um sálfræðimeðferðir á netinu þá þróast samband sálfræðings og sjúklings á annan hátt. Þeir fá ekki tækifæri til að bregðast við líkamlegri nærveru hvor annars eða því sem sagt er og það svo túlkað, heldur er gengið inn í hugarheim sjúklingsins í gegnum hin skrifuðu orð hans og sjúklingur fær svar við hæfi til baka. Jenny finnst þessi samskipti vera hjálpleg því þau brjóta aftur ákveðna tilfinningu hennar fyrir því að finnast hún ein með tilfinningar sínar (Tan, 2008).

Rannsóknirnar eru eins og áður sagði fjölmargar og fjölbreyttar en allar eiga þær það sameiginlegt að sýna fram á hversu mikilvæg félagsleg tengsl eru nánast sama í hvaða formi þau eru.³ Þær sýna einnig hversu mikilvægt það er fyrir einstaklinginn að vera ekki einn í upplifun sinni og að tilheyra hópi. Eða, að hvar sem er í heiminum er til fólk sem hefur svipaðar sögur að segja og er tilbúið til að hvetja aðra áfram í gegnum erfiðleika þeirra og styðja við bakið á þeim. Einn bloggari kemst svo að orði:

My weblog is linked from several others, and theirs from mine. We are a community, of sorts, a small town sharing gossip and news, recreation and sport, laughter and tears, all for the commonweal. And, for the most part, we're friendly to strangers (Graham, 1999).

Það er þó ekki nóg með að fólk finni skyldar sálir í gegnum bloggin sín heldur vill Rebecca Blood meina að blogggarar læri að þekkja sjálfa sig betur við það að blogga og að blogg eigi erindi við alla. Hún segir að fólk læri að skilja áhugamál sín, skoðanir og tilfinningar sínar betur með því að skrifa blogg og byrji jafnvel að sjá sjálft sig í nýju ljósi. Hún notar sjálfa sig sem dæmi og segir að stuttu eftir að hún stofnaði blogg sitt Rebecca's Pocket tók hún eftir tvennu sem hún hafði ekki átt von á. Í fyrsta lagi uppgötvaði hún áhugmál sín. Hún hélt hún vissi hver þau voru en eftir hafa sett hlekkir af öðrum síðum inn á bloggið sitt í nokkra mánuði áttaði hún sig á því að hún hafði mun meiri áhuga á vísindum, fornleifafræði og málefnum sem tengdust óréttlæti en hún hafði gert sér grein fyrir. Í öðru lagi segir hún:

More importantly, I began to value more highly my own point of view. In composing my linktext every day I carefully considered my own opinions and ideas, and I began to feel that my perspective was unique and important (Blood, 2002).

Rebecca stoppar ekki við svo búið heldur telur hún að við nýfunduð tjáningarfrelsi sem blogggarinn uppgötvar, verði hann öruggari með skoðanir sínar og hæfileika, verði betri rithöfundur, finni sjálfan sig eflast og læri þannig á nýjar hliðar á sjálfum sér sem aftur veitir honum aukið sjálfsöryggi, ekki ólíkt líkt því sem Jenny upplifir í rannsókn Tans (Blood, 2002). Í þessu samhengi má einnig nefna rannsókn sem gerð var á bloggi kvenna sérstaklega. Rannsóknin var gerð á yfir tvö hundruð háskólanemum og var meðal aldur þeirra rúm tuttugu ár. Rannsóknin er ítarleg og vönduð. Skoðaðir eru nokkrir þættir blogga, hvort munur sé á áhrifum póliblogga (filterblogs) og svo dagbókarblogga (diaryblogs). Einnig var gerð grein fyrir muninum á tilfinningu fyrir eflingu sjálfsins (sense of agency SOA) og tilfinningu fyrir eflingu þess að tilheyra samfélagi (sense of community SOC). Þáttakendur greindu frá því að þeim fannst þeir finna fyrir betri líðan eftir að hafa byrjað að blogga bæði hvað snerti SOA og SOC. En þrátt fyrir að niðurstöður rannsóknarinnar hafi lofað góðu var ekki hægt að sýna með afgerandi hætti að blogg væri beinn liður í auknu sjálfstrausti nemenda en þörf væri á ítarlegri rannsóknum (Sunda, S. Shyam og Stavrositu, Carmen, 2012).

Eins og hér komið hefur fram lýsa þáttakendur því sjálfir yfir að þeim finnst sjálfsöryggi þeirra hafa aukist. Þeim finnst þeir öruggari með skoðanir sínar og finnast þeir tilheyra ákveðnum hópi samfélags með lík áhugamál og svipaðar skoðanir. Ef sú er raunin ætti tilganginum að vera náð. Þó er alltaf betra að hafa fræðilegar rannsóknir til að styðja við góðar hugmyndir.

Bloggarar tala þó ekki aðeins um að bloggið hafi jákvæð áhrif á andlega vellíðan þeirra heldur tala þeir einnig um lýðræðið og tjáningarfrelsið sem felst í því að blogga. Miðillinn blogg er „líkt og sjóræningjarásinar voru á sjötta og sjöunda áratugunum“ (Graham, 1999) Þetta er nýr miðill, ungur og frjálss. Sumir tala um að blogg sé í raun og veru líkt eins manns útgáfa. Neil Gaimann er verðlaunahöfundur, kennari og bloggari. Blogg Gaimans er í dagbókarstíl. Bloggið er þægilegt aflestrar og hann er persónulegur í skrifum sínum. Hann segir frá því hversu mikið hann sakni konunnar sinnar og hún hans og að hann sé ekki viss hvort þetta fyrirkomulag sem þau hafa muni virka, en þrátt fyrir það verður frásögn hans aldrei of persónuleg. Honum tekst að koma hlutunum frá sér á þann hátt að lesanda langar að vita hvernig þeim hjónakornum farnast. Hann vekur upp forvitni lesandans og því eru meiri líkur á því að hann fari aftur í heimsókn á blogg Gaimans. Hann er duglegur að nota bloggið til að auglýsa ný verk, en hann er einnig örlátur og lætur vita um athyglisverðar síður eða segir frá verkum annarra rithöfunda og listamanna.

Hver sá sem segir sögur sínar á vefnum og gerir það vel á auðveldara með að draga til sín fasta lesendur sem byrja að þekkja sögumanninn og setja sig inn í líf hans. Bloggi má því stundum líkja við ævintýri eða framhaldssögu:

Just like a fairy tale, a story that is deemed ‘newsworthy’ needs to have a problem, a hero and a villain, or at least two clear opposing sides. Blogs are an episodic genre and this leads to particular kinds of narrative structure (Walker Rettberg, *Kindle Locations* 1844-1845).

Blogg sem innihalda góðar „sögur“ má því einnig líkja við sjónvarpsþætti. Þar sem aðdáendur sjónvarpsþáttanna bíða spenntir eftir næsta þætti, eftir því að fá að vita hvað gerist næst í lífi persóna þáttanna. Lesandi bloggs sem hann er hrifinn af gerir slíkt hið sama, bíður spenntur eftir næstu færslu til að fá að vita um framgang sögunnar og persónanna í henni (Rettberg, 2013). Þegar horft er til þessa eiginleika bloggsins geta rithöfundar líkt og Gaiman því notað blogg til að koma efni sínu á framfæri. Þá má til að mynda nefna fólk sem skrifar smásögur og ljóð. Finna má margar bloggsíður sem innihalda aðeins smásögur eða umfjallanir um smásögur annarra smásagnahöfunda. Ljóðablogg og blogg um skapandi skrif má líka finna í ríkum mæli. Á Íslandi virðist ekki hafa skapast sama menning í kringum bloggið. Til eru íslensk blogg sem fjalla um ljóð og smásögur en það lítur út fyrir að það sé í mun minni mæli

en gengur og gerist til að mynda í hinum enskumælandi heimi.⁴ Bloggið ætti að vera, meðal annarra samfélagsmiðla, góður vettvangur fyrir íslenska ljóða- og smásagnahöfunda til að deila hugmyndum og fá álit hver hjá öðrum rétt eins og gert er á mörgum öðrum stöðum. Það má þess vegna velta vöngum yfir því af hverju skúffuskáld bókmenntaþjóðarinnar Íslands hafi ekki notfært sér þennan miðil betur til draga skáldskap sinn upp úr skúffunum og leyfa hinu hvíta ljósi tölvunnar að gæða hann lífi.

Blogg eru eins og sjá má til ýmissa hluta nytsamleg, þau eru notuð af allskyns fólki og í margvíslegum tilgangi. En sama hvort það eru fyrirtæki, áhugafólk um matreiðslu, garðyrkju, handavinnu, tískuspekúlantar eða sjálfstætt starfandi bloggaram, virðist markmiðið yfirleitt vera hið sama; að eiga í samskiptum við annað fólk með svipuð áhugamál eða það er að fíkra sig áfram á netheimum með því markmiði að kynnast nýjum hlutum og nýju fólki.

3. kafli

Síðferðislegar reglur í bloggheimum

3.1. Afhjúpánir og krafa um heilindi

Í vefheimum eða í bloggheiminum er hverjum og einum frjálst að gera og segja það sem þeim sýnist. Orðið er frjálst. Aldrei fyrr hefur verið eins auðvelt fyrir fólk að koma skoðunum sínum á framfæri og það gerir það óspart í gegnum þennan miðil. Stór hluti slíkra blogga er nokkuð sem ég vil kalla pólíblogg (filterblogg á ensku), blogg um pólitík og dægurmál samfélagsins. Á Íslandi sem og erlendis eru blogg af þessu tagi mjög vinsæl og mikið lesin. Þó má geta þess að ekki virðist vera til nein ein óháð leitarvél sem gefur upp vinsælustu eða mest lesnu bloggin á Íslandi.

⁴ Dæmi um smásagna og ljóðablogg: shortbreadstories.co.uk/blogs, ntrepidimplorer.blogspot.com, vpascofiction.blogspot.com, Robert Peake, Code Poet, Poets.org, Poetry of Life, Poem of the Day, Daily Dickinson, hallurbirkir.wordpress.com, poetmusic.wordpress.com (ísl.), kollrassa.blogspot.com, og ofl og ofl.

Lesendur þurfa þó að hafa varann á og stíga varlega til jarðar þegar slík blogg eru lesin, því mörg slík blogg eru beintengd stærri fjölmiðlum líkt og mbl.is. Það er að segja á bloggsíðu höfundar er „logó“ fjölmiðilsins og ef smellt er á lógið færast lesandi yfir á síðu og frétt þá er bloggað er um, til dæmis, á síðu *Morgunblaðsins*.

Morgunblaðið býður lesendum einnig upp á að blogga um fréttir sínar við fót hvernar fréttar. Þess má einnig geta að mest lesna bloggið á Blog.is þann 23. apríl 2014 er blogg Páls Vilhjálmssonar á Blog.is sem rekið er af Árvakri. Páll er blaðamaður en hann bloggar nánast eingöngu um fréttir sem birtast á mbl.is. Í þessu samhengi er vert að bera saman tvö fyrirtæki sem bjóða upp á ókeypis hýsun blogga. Í fyrsta lagi má nefna Blog.is og í öðru lagi Wordpress.is. Blog.is Árvakurs tekur það skýrt fram hvað umsjónamenn Blog.is hafa leyfi til að gera. Umsjónamenn þess hafa því fengið leyfi til að ritskoða þau blogg sem Blog.is hýsir. Skilmálar Blog.is eru meðal annarra þessir:

Blog.is er heimilt að loka eða breyta blogginu í heild eða hluta og/eða takmarka aðgang að því. Blog.is ber ekki ábyrgð á hugsanlegu tjóni ef bloggvefurinn virkar ekki, t.d. vegna bilunar í tölvubúnaði.

Notanda er óheimilt að miðla eða dreifa efni sem felur í sér áreiti, hótanir eða telst vera ærumeiðandi, óviðurkvæmilegt, klámfengið eða kann að vera til þess fallið að brjóta í bága við lög og reglur. Notanda er óheimilt að miðla háði, rógi, smánun, ógnun eða ráðast á mann eða hóp manna vegna þjóðernis, litarháttar, kynþáttar, trúarbragða eða kynhneigðar, sbr. 233. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Blog.is áskilur sér allan rétt til að fjarlægja eða breyta efni sem birtist á blogginu telji umsjónarmenn bloggsins það vera ósamrýmanlegt þessum notendaskilmálum.

Óheimilt er að tengja bloggfærslur við fréttir án þess að færslurnar tengist viðkomandi frétt.

Skilmálar Blog.is eru sumir skynsamlegir. Gott er að láta vita af því fyrirfram hverskonar menning á að eiga sér stað inn á Blog.is. Skilmálarnir birtast þegar stofnað er nýtt blogg og þarf stofnandi að samþykka þá áður en hann getur haldið áfram með stofnun bloggsins. Við stofnun bloggs á Wordpress.com eru engir slíkir skilmálar settir. Þó eru miklar líkur á því að slíkir skilmálar séu til staðar, það liggur einungis dýpra á þeim. Þar af leiðandi verður það viðmót sem mætir verðandi viðskiptavini annað. Segja má að það verði vinalegra. Gert er ráð fyrir að hinn nýi bloggeigandi hagi sér vel í bloggheiminum. Því miður er viðmótið ekki eins

vinalegt á Blog.is, stofnandi getur mögulega fengið þá tilfinningu að hann hafi stofnað blogg, ekki í tilraunaskyni, af forvitni, eða af leyndri þrá, heldur til að áreita fólk.

En hvað Páli viðvíkur þá er óhætt að segja að fréttavefur *Morgunblaðsins* hagnist á þessu fyrirkomulagi; að bloggarar séu tilbúnir til að svo gott sem helga blogg sitt einum fréttamiðli. Hinsvegar vaknar upp sú spurning hvort það geti möguleg komið niður á Páli og trúverðugleika hans sem blaðamanns. Páll er einn mest lesni bloggarinn á Blog.is og því væri gaman að sjá hann bera saman hvað aðrir fréttamiðlar og bloggarar hafa um fréttinar að segja og fá með þeim hætti breiðari mynd af umræðunni sem í gangi er hverju sinni.

Til hópur bloggara sem les sér til um tiltekin málefni, tekur málefnalega afstöðu, skrifar um skoðanir sínar og rökstyður (hér er aðallega verið að ræða um erlend blogg). Það fólk vekur upp umræður og getur af haft áhrif á framgang mála, stjórn mála og fleiri stærri mála, nánast eins og blaðamaður myndi gera.

Í bók sinni *Blog: Understanding the Information Reformation That's Changing Your World* gerir Hew Hewett grein fyrir því hvernig bloggarar fletta ofan af hneykslum ráðamanna og manna í lykilstöðum í þjóðfélaginu. Hann segir til að mynda frá því hvernig vel vakandi bloggarar hafi áttað sig á því að blaðamaðurinn Jayson Blair hafi ítrekað stundað ritstuld en hann vann fyrir eitt virtasta dagblað Bandaríkjanna, *The New York Times*. Ekki nóg með að bloggararnir hafi uppljóstrað um Blair heldur varð uppljóstrunin til þess að ritstjórn *The New York Times* þurfti að fara í alvarlega sjálfskoðun á starfsemi sinni í kjölfarið. Dagblaðið var komið í þá stöðu að þurfa að spyrja sig að því og gera grein fyrir því hvernig slíkar fréttir hafi getað komist í prent þegar auðvelt hefði verið að sjá brestina og komast hjá slíku hneyksli (Hewitt, 2005).

Þrátt fyrir að vekja athygli á málefnum sem þessum og koma þeim áleiðist til stærri miðla líta bloggarar sjaldnast á sig sem blaðamenn. Jafnvel ekki þeir bloggarar sem hafa einsett sér að segja sögur sem hefðu getað verið sagðar af fréttamiðlum en þeim finnst ekki nógu áhugaverðar eða nóg efni til að birta á síðum blaðanna. Þar af leiðandi hafa komið upp vangaveltur á meðal blaðamanna um það hvort blogg sé blaðamennska en svo djúpt í árina skal ekki tekið að svo stöddu. Þeir hafa þó sannarlega sannað gildi sitt sem aðhald fyrir fréttamiðla og eru með þessum hætti smám saman að hafa áhrif á það hvernig blaðamenn og fréttamiðlar starfa. Gerð er meiri krafa til blaðamanna um að þeir kanni allar hliðar málsins og ef það fer forgörðum eru góðar líkur á að bloggheimurinn komi til með að minna á sig með ítarlegri umfjöllum um það sem er efst á baugi hverju sinni (Hewitt, 2005; Rettberg, 2013).

3.2. Ritskoðun og ritstjórn í bloggheimum.

Fyrir í þessum kafla var því haldið fram að hver sem er gæti sagt hvað sem er á bloggum sínum, að orðið væri frjálst. En er það svo í raun og veru? Hafa lesendur blogga og „bloggfélagar“ þol fyrir hverju sem er og fær hvað sem er að viðgangast? Nei, það er reyndar ekki raunin, í bókinni *Blogging (DMS- Digital Media and Society)* eftir Jill Walker Rettberg kemur í ljós að lesendur blogga treysta því að höfundar blogga sé sannsöglir og einlægir í frásögnum sínum um líf sitt. Walker Rettberg tekur sem dæmi bloggið hennar *Kaycee Nicole* og myndbandsbloggið *lonelygirl15*.

Höfundur bloggsins Kaycee Nicole segist vera nemi í menntaskóla og að hún sé að berjast við hvítblæði. Blogg Kaycee varð vinsælla og vinsælla með tímanum og hún eignaðist marga vini í gegnum bloggsíðuna, vini sem hún lagði hart að sér að rækta. Hún sendi þeim gjafir og talaði jafnvel við nokkra þeirra í síma. En þar með er sagan ekki öll, þegar á leið byrjaði móðir Kaycee-ar að blogga um það hvernig það sé að annast barn með krabbamein. Þegar Kaycee svo deyr úr veikindum sínum urðu net-vinir hennar miður sín, en það leið ekki á löngu eftir lát hennar að lesendur bloggsins fóru að sjá að þar var ýmislegt ekki með felldu, þar var eitthvað sem stangast á og stóðst ekki. Þá kviknaði sú hugmynd hjá nokkrum lesendum þess að bloggin, bæði Kaycee-ar og móður hennar, Debbie-ar, gætu mögulega hafa verið plat. Í kjölfarið kom í ljós að svo var. Lesendur blogganna urðu ævareiðir, þeim fannst sem spilað væri með tilfinningar þeirra og þeir sviknir. Enn er ekki vitað hvað vakti fyrir höfundu blogganna, að skapa slíkan skáldskap (Rettberg, 2013).

Lonelygirl15, myndbands-blogg, var líka plat en það var um hina 16 ára gamla Bree sem birti myndskot á Youtube.com á nokkurra daga fresti yfir sumartímamán árið 2006. Til að byrja með voru myndskot hennar óáhugaverð og dæmigerð fyrir 16 ára gamla unglingsstelpu. En með tímanum urðu frásagnir hennar undarlegri og undarlegri; hún hlaut heimakennslu, foreldrar hennar voru afar afturhaldssamir og það sem meira var að fjölskylda hennar var meðlimur í einhverskonar sértrúarsöfnuði. Ekkert af þessu var satt heldur var persónan Bree heilaspuni handritshöfunda kvikmyndaframleiðandanna Ramesh Flinders og Miles Beckett. Bree var leikkona sem ráðin var í hlutverkið. Lesendur og áhorfendur urðu bálreiðir og fannst þeir sviknir og að framleiðendur þáttanna væru að notfæra sér þær tilfinningar sem þeir höfðu til einstaklinganna sem verið var að skapa í *lonelygirl15* (Rettberg, 2013).

Finna má fleiri platblogg eða „flog“ (fake blog á ensku) sem hneykslað hafa bloggheima. Eitt slíkt er bloggið *Wal-Marting Around America*. Til að byrja með virtist bloggið vera um þau Jim og Laura sem ætluðu að ferðast um Bandaríkin á húsbíl til að heimsækja börnin sín þrjú sem sóttu háskóla víðsvegar um landið. Þau höfðu séð að Wal-Mart leyfði húsbílum að leggja ókeypis á bílastæðum sínum yfir nætur. Ætlunin var því að nýta þann möguleika á ferðalaginu. Laura ákvað að stofna blogg um ferðalagið og birti reglulega viðtöl við afar ánægða starfsmenn Wal-Mart ásamt myndum af þeim. Ekki leið á löngu þar til renna fóru tvær grímur á lesendur bloggsins því Wal-Mart er þekkt fyrir að greiða starfsmönnum sínum illa og gera ýmislegt til að komast hjá því að greiða í almennilega tryggingasjóði fyrir það. Umræðurnar fóru að snúast um það að þau væru einstaklingar á launaskrá Wal-Mart og að ekkert væri marktækt af því sem fram koma á síðunni þeirra.

Síðar kom í ljós að skötu hjúin voru ekki gift en höfðu búið saman í mörg ár. Þau heita Jim Thresher og Laura St. Claire og eiga þrjú börn samtals. Upphaflega var ætlun þeirra Jim og Lauru og ferðast og heimsækja börnin sín eins og áður var greint frá en þeim þótti ekki annað við hæfi en að láta vita af því að þau ætluðu sér að gista á bílastæðum Wal-Mart. Til að gera langa sögu stutta nýtti markaðsfyrirtækið Edelman, sem sér um markaðsmál Wal-Mart sér þetta, leigðu fyrir þau húsbíl sem merktur var Wal-Mart, greiddu bensín og ýmsan kostnað og greiddu Lauru fyrir skrif sín á bloggið. Laura var sjálfstætt starfandi ritföndur og Jim vann sem ljósmyndari hjá *The Washington Post* en honum var gert að skila öllum þeim peningi sem hann hafð fengið fyrir ferðina og að taka niður allar ljósmyndar af blogginu þar sem það stríddi gegn vinnu- og siðferðislegum reglum *Washington Post*.

Bloggheimur varð æfareiður ekki síst vegna þess að forstjóri Edelman, Richard Edelman, hélt sjálfur úti víðlesnu bloggi hvar hann hafði skrifað um háttvísi í bloggheiminum á bloggið sitt. Fólk gerði mis kurteisar kröfur um að Edelman gerði hreint fyrir sínum dyrum en svarið kom seint og um síðir. Edelman baðst síðar afsökunar á því að hann hefði ekki gætt að gegnsæi bloggsins og að þetta væri alfarið sök fyrirtækis hans og snerti Wal-Mart ekki neitt (Buisnessweek.com , 2006).

Það er því ekki vel séð í bloggheiminum að bloggarar séu eitthvað annað en samkvæmir sjálfum sér og einlægir í bloggsköpun sinni. Lesendur treysta því. Því má segja að nokkurskonar jafningja ritskoðun eigi sér því stað í bloggheiminum. Sú ritskoðun felst í því að fólki er í raun og veru ekki eins frjálst að setja nákvæmlega það sem því sýnist og fær sá sem ekki stenst kröfur um heilindi eða fer yfir ákveðna línu ósagðra reglna sem virðast

tilheyra bloggheimum, líkt og í öðrum samfélögum, þá fær sá hinn sami að finna fyrir heift þeirra sem lesa hin „óheilu“ blogg. Fólk lítur á blogg með öðrum hætti en til að mynda skáldsögur. Láta þarf lesendur vita fyrirfram eigi bloggið að vera eitthvað annað en sönn frásögn úr lífi höfundar. Annars er hætt við að lesendur upplifi sig svikna og að illa sé farið með tilfinningar þeirra.

Þó finna megi platblogg inn á milli eru flestir höfundar blogga að segja frá sjálfum sér eða fyrirtækjum sínum en fá þó hefðbundnari ritskoðun. Slík blogg eru mest megnis blogg fyrirtækja og blogg sem náð hafa miklum vinsældum. Svo miklum vinsældum að höfundur bloggsins getur lifað þægilegu lífi af bloggskrifum sínum. Einn slíkur bloggari byrjaði þó bloggsögu sína ekki vel. Heather B. Armstrong stofnaði bloggsíðu sína *dooce.com* árið 2001 og þá sem áhugamál. Hún bloggaði um tónlist, menningu og líf sitt sem einhleyp kona í Los Angeles. Hún vann þá sem vefhönnuður, henni leiddist vinnan, en gerði þau mistök að skrifa um samstarfsfólk sitt á blogginu sínu og fyrir það var hún rekin. Talið er að hún sé ein þeirra fyrstu sem rekin hafa verið úr vinnu fyrir að blogga. Síðan þá hefur það að vera rekinn úr vinnunni fyrir að blogga fengið viðurnefnið *to be dooced*.

Nokkru síðar var Armstrong var nýgift, bjó í kjallaranum hjá móður sinni, atvinnulaus og ólétt að sínu fyrsta barni en hún hélt áfram að halda úti bloggi sínu. Eftir barnsburð þjáðist hún af fæðingarþunglyndi og þakkar hún dyggum lesendum sínum fyrir að hjálpa sér að komast í gegnum það. Smám saman jókst fjöldi lesenda bloggsins hennar. Hún hefur alltaf verið mjög opinská og ófeimin við að tjá tilfinningar sínar og segir skemmtilega frá. Hún fór því að setja inn auglýsingar inn á bloggið sitt og fá af því tekjur. Tekjurnar jukust dag frá degi og voru orðnar svo miklar að það nægði fyrir þægilegum lifnaðarháttum miðstéttar eða jafnvel efri miðstéttar. Tekjurnar voru nægilegar til þess að maðurinn hennar gæti sagt upp vinnu sinni en hann fór þess í stað að sinna viðskiptalegum hliðum bloggsins hennar. Á meðan einbeitti hún sér að því að taka ljósmyndir, vinna ljósmyndirnar og skrifa bloggið sitt. Hún lýsir starfi sínu sem hverju öðru skrifstofustarfi. Hún skrifar og les yfir textann og ígrundar, áður en hún setur nokkuð inn á vefinn. Hann er því vandaður og ritstýrður, (*dooce.com*; Rettberg, 2013).

Hér á landi eru nokkur blogg sem hafa náð töluverðri hylli á meðal almennings þó svo að höfundar þeirra fái ekki greitt fyrir bloggið hafa þeir notið velgengni sem nær fyrir utan bloggheiminn. Nokkur blogg hafa nú verið gefin út í bókarformi. Það blogg sem segja má að hafi brotið blað í íslenskri bókmenntasögu er bloggbókin *Vaknað í Brussel* fyrsta bloggbók Íslands. Bókin er byggð er á lífi Betu rokk eða Elísabetu Ólafsdóttur og kom út árið

2002. Bókin fékk góða umfjöllun meðal annars í *Morgunblaðinu* það sama ár. Netheimur var hinsvegar á báðum áttum hvort bókin væri góð og voru sumir helst til óvægnir í umsögn sinni um bókina en þó voru nokkrir sem tóku upp hanskann fyrir Betu rokk (Hugi.is). Beta Rokk virðist ekki vera virkur bloggari lengur og síðasta bloggfærsla sem finna má frá henni frá árinu 2003 einungis ári eftir að bókin kemur út. Önnur blogg sem gefin hafa verið út síðast liðin ár eru:

- Jóna Ágústa Gísladóttir. 2008. *Sá einhverfi og við hin*.
- Hildur Knútsdóttir. 2010. *Hola Lovers*.
- Eva Dögg Sigurgeirsdóttir. 2013 *Tísku-bókin*.
- Eva Laufey Kjarran Hermannsdóttir. 2013. *Matargleði Evu*.
- Berglind Guðmundsdóttir. 2013. *Gulur, rauður, grænn og salt*.

Bloggin sem gefin hafa verið út í bókarformi eru bæði blogg í dagbókarformi og svo þematengd blogg. Þematengd blogg eru af margvíslegum toga og geta fjallað um tónlist, tísku og útlit, lífstíl, handavinnu eða mat. En það sem einkennir þau flest er að persónan er í bakgrunni og þó svo að persónulega upplýsingar læðist með er kastljósinu ekki beint að persónunni sjálfri heldur hennar helstu ástríðum og áhugmálum. Þetta á til að mynda við um matarbloggið hennar Evu Laufeyjar Kjarran Hermannsdóttur, *evalaufeykaran.com* og bloggið hennar Berglindar Guðmundsdóttur *gulurraudurgraennogsalt.com*. Báðar þessar konur hafa nú gefið út bækur byggðar á matarbloggum þeirra. Bækurnar halda í útlit og anda blogganna og persóna höfundar fær að skína í gegn.

Eins og sést komu þrjár bloggbækur út árið 2013 sem er augljós aukning á milli ára og því má velta vöngum yfir því hvort líkur séu á því að fjölgun verði á bloggbókum í náinni framtíð með sífellt betri og vandaðri bloggum.

3.2.1 Íslenskt dagbókarblogg

Dæmi um íslenskt dagbókarblogg er blogg Jónu Ágústu. Gísladóttur. Það er vel skrifað og vandað og varð afar vinsælt á Íslandi. Síðar voru bloggfærslurnar gefnar út í bókarformi undir nafninu *Sá einhverfi og við hin* og kom út árið 2008. Bloggið hennar Jónu er um hana sjálfa og börnin hennar tvö en hún er einstæð móðir. Á blogginu ræðir hún opinskátt um það hvernig dagurinn gengur fyrir sig, fordóma sem hún og barnið hennar verða fyrir. Slæmar

stundir og góðar. Bloggið gefur lesendum góða innsýn inn í líf fjölskyldu þar sem fatlaður einstaklingur er hluti af fjölskyldustærðinni.⁵ Dagbókarblogg Jónu er ekki dæmigert fyrir hefðbundin dagbókarskrif, hún talar um son sinn og systur hans og fjarlægir sjálfa sig með þeim hætti frá frásögninni. Það er formlegt og á stundum skáldlegt og ekki í miklum talmálsstíll eins og einkennir mörg dagbókarblogg og því lítur stundum út fyrir að hún hafi lesendur meðvitað í huga við skriftirnar:

Janúar 2005. Ég stend yfir sex ára gömlum syni mínum sem liggur á gólfinu og horfir upp til mín. Hann er sár og reiður. Þó aðallega sár. Sjö ára systir hans stendur á lengdar með dótakassa á höfðinu. Minnir mig á lítinn strút sem trúir því að hann sé ósýnilegur ef hann bara stingur höfðinu í sandinn. Annað augað gægist undan kassanum til að fylgjast með atburðarásinni.

Eitt andartak er ég við hliðina á sjálfri mér og horfi á þessa litlu fjölskyldu. Ég get séð að hlutlaus áhorfandi myndi á einu augabragði draga þá ályktun að hér væri heimilisofbeldi í gangi. Og svo sannarlega hafði það flogið í gegnum huga mér skömmu áður. Þegar ég hafði ekkert annað grip á drengnum en bakhlutann af bolnum hans og hálsmálið hertist að hálsinum á honum að framan.

Hjartað berst í brjóstinu á mér og ég veit ekki einu sinni sjálf hvort ég er reið á þessu andartaki eða bara gersamlega uppgefin, líkamlega og andlega. Jú, ég veit að ég er reið sjálfri mér. Reið fyrir að hafa ekki betri stjórn á hlutunum, fyrir að kunna ekki ráð, hafa ekki lausnina á vandamálinu.

En það má ekki gefa eftir, það má ekki segja eitt og gera annað. Má ekki. Má ekki. Og ég á engan annan kost en að reyna að koma honum inn í svefnherbergi með valdi. En hann er svo þrjóskur litli strákurinn minn og líkamlegur styrkur hans er á við reiðan fjórtán ára unglíng. Ég þarf að nota alla vöðvana í kroppnum á mér til að ráða við hann og það dugir varla til.

Þó svo Jóna sé að blogga fyrir sig er hún líka að skrifa fyrir aðra foreldra. Foreldrar geta samsamað sig reynslu hennar, hvort sem þeir eiga barn með einhverfu, aðra fötlun eða ekki. Flestir foreldrar þekkja hvað það er að standa gjörsamlega ráðþrota frammi fyrir barninu sínu. Jóna opnaði dyrnar að heimili sínu og sýndi öðrum í svipuðum sporum að þeir eru ekki einir í báráttu sinni. Það er mögulega þess vegna sem blogg Jónu var eitt það vinsælasta á árunum 2005-2007.

⁵ Það skal tekið fram að jafnan er talað um dulda fötlun eða röskun á taugaþroska (einhverfa.is).

3.2.2 Þematengd blogg

Það sem einkennir hin vinsælu þemablogg (til dæmis matar-, handavinnu- eða garðablogg,) er afar knappur texti og mikið af myndum, björtum, fallegum, lýsandi myndum. Höfundur þarf ekki endilega að vera snjall penni þótt það hjálpi til því það hefur sýnt sig að stafsetningavillur og bággt málfar hefur fráhrindandi áhrif á lesendur (Rettberg, 2013). Það skiptir því miklu máli hvaða tilgangi bloggið á að þjóna. Á það eingöngu að fjalla um mat og handavinnu eða á það líka að segja sögu höfundar? Meirihluti blogga er þó bland af hvoru tveggja. Þemað eða áhugamálið er í forgrunni en höfundar virðast samt sem áður hafa þörf fyrir að láta vita hverjir þeir eru, hvaða bakgrunn og menntun þeir hafa, hvar og hvernig þeir búa, hvort þeir séu í sambandi, giftir eða eigi börn. Oft á tíðum eru bloggin með tvær til þrjár síður inn á blogginu sem vísa til áhugamála þeirra. Það getur verið síða um mat, önnur síða um DIY (Do it yourself/ gerðu sjálfur), handvinnu og svo um garðyrkju.

Það er hins vegar hinn sjónræni þáttur sem vegur meira í þematengdum bloggum. Því sjónrænni sem bloggsíðan er því „athyglisverðari“ verður hún. Fyrir og eftir myndir eru vinsælar og sumum þykir gaman að sýna framvindu verkefna sinna, hvort sem það eru handavinnuverkefni eða endurnýjun gamla eldhússins. Svo lengi sem það eru góðar og lýsandi myndir er nánast víst að sá sem heimsækir síðuna hafi þolinmæði til að skoða og fylgjast með og heimsækja síðuna aftur.

Af því sem komið er hér í þessum kafla, er greinilegt að ritstjórn á sér stað í bloggheiminum. Þessar mörghundrað milljónir blogga eru ekki eintóm bloggræpa. Það er því óhætt að fullyrða að það sé gerð krafa um vönduð vinnubrögð og að „jafningja ritskoðun“ tíðkist í heimi bloggsins. Einnig má sjá í auknum mæli að ritstjórar séu ráðnir til að hafa umsjón með stórum bloggum og vefsíðum, og jafnvel fleiri en einn sem taka sig saman og stofna blogg, til dæmis í þeim tilgangi að gæta að faglegheitum og ágætis málfari. Flestir bloggarar ritstýra bloggum sínum sjálfir. Aðrir fá fólk í lið með sér eftir því sem síður þeirra vaxta samanber Tsh Oxendreider (simplemom.com) en um hana verður rætt í næsta kafla.

4. kafli

Að lifa á bloggheimum

Til eru margar milljónir blogga, eins og komið hefur fram. Wordpress.com eitt og sér er með yfir 200 milljónir blogga á skrá hjá sér. Af öllum þessum milljónum blogga sem stofnuð hafa verið eru aðeins örfá sem færa nægilegar bjargar í bú svo að hægt sé að lifa af þeim. Það er hinsvegar hægt að reyna og leita allskyns leiða til að fá greitt fyrir það. Til eru fyrirtæki sem greiða fyrir blogg færslur erlendis og en langflestir þeirra sem hafa tekið þátt í slíku, hætta því fljótlega því þeim finnst þau ekki eins frjáls til tjá sig og verði að taka tillit styrktaraðila sinna, og þar af leiðandi finnst þeim þau ekki geta verið eins heiðarleg í skrifum sínum (Rettberg, 2013) En fyrir þá sem áhuga hafa á slíku má sjá að þegar leitað er að „How to get paid for blogging“ koma upp 105.000 niðurstöður.

Tsh Oxenreider (borið fram sem Tish) er einnig ein þeirra sem tekist hefur að afla nægilegra tekna til að lifa góðu lífi og vinnu fulla vinnu við bloggin sín. Hún stofnaði bloggið Simple Mom árið 2008. Oxenreider er vön að sitja á kaffihúsum hvar svo sem hún er stödd hverju sinni og vinna þaðan að bloggnum sínum. Síðan hún byrjaði að halda úti *simplemom.com* hefur hún fært út kvíarnar og hefur nú umsjón með sex bloggum sem orðin eru að fyrirtæki. Vinir, vinkonur, nágrennar og fjölskyldumeðlimir og aðrir skrifa á þau blogg og ritstýra. Líkt og maður Armstong hætti maður Oxenreider skrifstofuvinnu sinni og starfar nú einungis við viðskiptalegar- og fjárhagslegar hliðar fyrirtækisins, Simple Living Media. Hún sér þó alfarið sjálf um hið upprunalega blogg sitt, *simplemom.com*.

Tsh Oxenreider hefur tekist að gera áhugamál sitt að lifibrauði og vinnur nú líkt Armstong einungis við bloggið. Margar vefsíður og blogg bjóða upp á leiðbeiningar um það hvernig fara eigi að til að laða að lesendur og fá auglýsingar inn á bloggin, eða græða á bloggi. Þær leiðbeiningar er margar hverjar teknar beint úr markaðsfræðum til dæmis:

1. Gerðu bloggið þitt einstakt, ekki gera eins og allir hinir.
2. Finndu þér markhóp
3. Lærðu að þekkja markhóp þinn
4. Gerðu þig sýnilegan á samfélagsmiðlum
5. Skildu eftir athugasemdir á stórum bloggum

Ráðleggingar sem þessar koma margar frá bloggum sem lesandi er ekki alveg viss um að séu mikið lesin eða græði mikið á bloggum sínum. En svipaðar ráðleggingar má finna hjá Paul Boag sem hefur skrifað bókina *Webite Owner's Manual* og þó svo að Boag beini spjótum sínum aðallega að vefsíðum er ýmislegt sem heimfæra má upp á bloggsíður. Hann segir að til að reka velheppnað blogg, þurfi eigandi bloggsins að hafa skýra mynd af því hvað hann vilji hafa á síðunni, nokkurskonar stefnumótun, vera duglegur og vanda vel til verka. Með því sé hægt að fá aðgengilegt að vel aðsótt blogg (Paul Boag, 2010).

Þær ráðleggingar sem koma frá bloggurum og eru þekktir fyrir að lifa eingöngu af bloggum sínum eru eilítið öðruvísi, þau eru persónulegri. Þessir bloggarar hafa jafnvel skrifað bækur í kjölfarið frægðar sinnar í bloggheimum. Þetta eru til dæmis Heather B. Armstrong, Tsh Oxenreider og Ree Drummond. Þær eru allar á sama máli um að best sé að vera maður sjálfur, samkvæmur sjálfum sér; vera duglegur að setja inn færslur alveg saman þó maður sé með ritstíflu, „skrifaðu bara eitthvað,“ segja þær; hafðu lesendur þína í huga við skriftirnar; vertu kurteis og vandaðu málfar og stafsetningu. Flestir bloggarar sem hafa talað um þetta, ekki bara dömurnar hér á undan minnst á örlæti. Þeir segja „vertu örlátur, settu til dæmis, tengla þeirra blogga sem þér finnst áhugaverð á síðuna þína. Skildu eftir markverðar athugasemdir.“

Greinilegt er að finna má samnefnara á ráðleggingum Boag, ráðleggingum frá bloggum sem gefa leiðbeiningar um hvernig eigi að skapa vinsæl blogg og svo bloggaranna hér á undan. Þann samnefnara er óþarfi að endurtaka aftur en gott er að hafa öll þessi atriði í huga vilji bloggarar á annað borð þéna peninga af bloggum sínum.

5. kafli Útlit og hönnun

5.1 Útlit og uppsetning

Miklu máli skiptir hvernig hlutir líta út á netinu. Þó svo að mikill munur sé á vefsíðum og bloggsíðum og þeim hlutverkum sem þær gegna er ýmislegt varðandi útlit þeirra sem virkar vel fyrir hvoru tveggja. Til eru ákveðnar reglur varðandi útlit og uppsetningu vefsíðna sem reynslan hefur kennt vefhönnuðum og öðrum sem vinna við vefsíðnagerð að virki vel.

Fyrirtæki sem hýsa bloggsíður kunna og þekkja þessar reglur vel, enda fara þeir að mestu leiti eftir þessum reglum við hönnun sinna eigin bloggsíðna. Í því samhengi má til að mynda nefna

Wordpress.com. Útlit vinælustu þema þeirra eru nánast öll eftir þessari uppskrift. Til að byrja með má nefna L-in þrjú en það eru

1. Lógó
2. Leiðarkerfi
3. Leit

Í fyrsta lagi er það lógóið eða nafn vefsíðunnar eða bloggsins er alltaf til staðar og samkvæmt hefðinni er það staðsett efst í vinstri horni síðunnar, stundum má finna þau í miðjunni en það er undantekning.

Í öðru lagi er það leiðarkerfið sem vísar lesandanum áfram og segir hvað sé í boði með valmöguleikaflippum á stiku sem nánast alltaf er stað ofarlega fyrir miðja síðuna.

Í þriðja lagi er það leitarkerfið. Það er venjulega ofarlega og hægra megin á síðunni (Sigurjón Ólafsson; www.funksjon.net).



Þessi tiltekna síða er eitt af vinsælustu útlitsþemum sem blogghýsilinn Wordpress.com býður upp á. Eins og sjá má eru þessi þrjú atriði venjulega á svipuðum stað. Það er vegna þess hvernig lesandi les síðurnar og þetta form virðist vera hið ákjósanlegasta fyrir lesendur.

5.2 Textaskrif

Þrátt fyrir góða uppsetningu helstu atriða blogga er staðreyndin er sú að athygli og þolinmæði fólks er afar takmörkuð þegar kemur að því að lesa á netinu. Samkvæmt einni af fyrstu rannsóknum á því hvernig fólk les á netinu, eftir Jacob Nielsen frá árinu 1997, kemur í ljós að fólk les ekki yfir höfuð. Það skannar:

Summary: They don't. People rarely read Web pages word by word; instead, they scan the page, picking out individual words and sentences. Studies of how users read on the Web found that they do not actually read: instead, they scan the text. (Jacob Nielsen 1997).

Einnig kemur fram að aðeins um 16% heimsækjenda lesa síðurnar sem þeir fara á orð frá orði en 79% skanna þær í leit að upplýsingum. Í nýrri rannsókn Nielsen frá árinu 2006 líta lestrarmynstur vefnotenda svona út:



(Jacob Nielsen, 2006; Sigurjón Ólafsson, 2013)

Þó svo að lesendur blogga lesi bloggin með öðrum hætti en sá sem þeysist um netheiminn í leit að einhverju spennandi er vert að hafa í huga og vita hvernig fólk hagar sér á netinu almennt. Því ef svo kynni að vera að bloggari myndi vilja fá tekjur af bloggi sínu þarf hann líkt og heimasíðueigandi að huga að framsetningu efnis, útliti bloggsins og hvað stendur í blogginu.

Nielsen hefur ekki aðeins skoðað hvernig fólk les vefsíður heldur hefur hann og aðrir kollegar hans einnig skoðað vandlega hvernig best sér að skrifa fyrir vefi. Paul Boag fjallar ítarlega um meðferð texta í bók sinni *Website Owner's Manual*. Hann segir að á vefnum sé mikilvægt að skera niður eins og mögulega er hægt. Hann segir líkt og Nielsen sé best að notast við titla eða fyrirsagnir, líkt og dagblöðin geri. Ef marka má orð Nielsens kann það ekki góðri lukku að stýra að skrifa langar klausur á blogg og vefsíður. Reyndar sé öllum orðum ofaukið ef þau verða fleiri en þrjúhundruð fyrir hverja færslu. Það virðist vera hið almenna þol lesenda.

Stuttir og hnitmiðaðir textar er það sem gildir. En getur það einnig átt við um blogg í dagbókarformi? Það getur varla verið þar sem margar slíkra færslna eru mörg hundruð orð. En þegar betur er að gáð eru fáar slíkar færslur á forsíðum blogganna. Þar er aðeins að finna stuttar fyrirsagnir og örfáar setningar úr lengri færslum sem finna má á undirsíðum blogganna. Því skulu grípandi fyrirsagnir vera á forsíðum blogganna, en vilji höfundur koma meira efni áleiðis geri hann það með þeim hætti að lesandi smelli á „lesa áfram“ eða á titil færslunnar og færir hann þá yfir í fréttina og á eina af undirsíðu bloggins (Paul Boag, 2010). Hann getur þar lesið eins og honun lystir. Það verður hins vegar taka fram að þetta er ekki algild regla. Til eru mörg blogg sem brjóta þvert á allar reglur, en halda athygli lesenda. Þetta eru einungis leiðbeiningar sem vert er að hafa í huga.

Hins vegar má ekki gleyma því að það eru rannsóknir á bak við þessar leiðbeiningar. Gott dæmi um bloggsíður sem fara að mestu eftir þessum leiðbeiningum eru nokkur af þeim bloggum sem minnst hefur verið áður, ekkert af þeim er nákvæmlega eins, en virknin er sú sama. Það má nefna til dæmis, blogg Evu Laufeyjar, trendnet.is, dooce.com (Heather B. Armstrong), simplemom.com (Tsh Oxenreiner), thepioneerwoman.com (Ree Drummond). Þessar síður fara allar eftir þeim reglum sem settar hafa verið fram hér, hvort svo það er gert meðvitað eða ómeðvitað verður að liggja á milli hluta hér. Eitt er víst að allar eru þessar síður vinsælar og eiga góðu gengi að fagna. Það er hins vegar ekki nóg að eiga svala síðu og flotta. Innihaldið verður að samsvara útlitinu annars er hún, hvort heldur sem hún er bloggsíða eða vefsíða, dauðadæmd. Ef blogghöfundur er ekki duglegur að setja inn færslur eða vanrækir bloggið getur hann allt eins sleppt því (Kristina Halvorson, 2010).

6. kafli Framtíð bloggsins

Til þess að best megi sjá hvort bloggið eigi framtíð fyrir sér er best að sjá hvað reyndir bloggarar hafa um málið að segja. Íslenskir bloggarar virðast ekki vera að velta þessum hlutum mikið fyrir sér. Þeir eru uppteknari af framtíð sinna eigin blogga en ekki bloggsins sem fyrirbæri. Erlendir bloggarar hafa hins vegar þó nokkuð um málið að segja. Þetta eru einstaklingar sem nota bloggin sín í allt frá viðskiptarekstri, en þeir mikilvægan hlekk í rekstri sínum, til hefðbundinna dagbókarbloggara.

Þessir bloggarar eru ekki beinlínis áhyggjufullir en þeir sjá mikla breytingu á hegðun fólks í bloggheiminum. Þeir tala allir um hversu mikla vinnu bloggið krefjist en það sé miðill sem ekkert geti komið í staðinn fyrir. Það þjóni enn því hlutverki þess staðar sem þeir geta komið hugmyndum sínum á leiðis og geti „gefið út“ efni með einum smelli á músina. Þeir tala um að þeir sem ekki séu tilbúnir til að leggja á sig slíka vinnu leiti kannski frekar til annarra samfélagsmiðla líkt og Facebook.com og twitter þar sem enn auðveldara er að vera í sambandi við fólk og koma hugsunum sínum áleiðis (Victoria McGinley, 2013: shopthebbar.com; Young, 2013; Baily, 2013; Hobson, 2013)

Bloggarar eru því flestir á því máli að þó svo að breyting sé að verða á blogginu, sé það algilt um samfélagsmiðla almennt. Þeir halda því fram að bloggið sé lifandi miðill og muni vera það áfram. Svo lengi sem fólk hafi eitthvað að segja, hafi skoðanir og hafi miðil til að koma þeim áleiðis sé bloggið hvergi á undanhaldi. Þær breytingar sem þeir sjá hvað mest er að bloggarar vilja í auknum mæli sjá bloggin sín ritskoðaðri, stílhreinni og auðlesanlegri. Þeir vilja burt með allt sem truflar kjarnann í bloggum þeirra, en það er efnið, hugsanir þeirra og það sem þeir hafa segja. Þetta segir til dæmis Victoria McGinley en hún er graffískur hönnuður og heldur sjálf úti blogginu shopthebbar.com og hefur að eigin sögn unnið mikið með bloggurum og hönnun að síðum þeirra (shopthebbar.com).

Ekki eru allir svo bjartsýnir á framtíð bloggsins, David Risley vill meina að framtíð bloggsins sé sú að fólk hætti að vera eins örlátt eins og það hefur verið hætti að setja tengla hvers annars á síður sínar, nema það fái borgað fyrir. Hann vill meina að bloggið haldi áfram að vera til en það muni allt kosta. Ekki endilega mikið, bara smá, en nóg til þess að þeir sem halda úti bloggi græði á því. Vilji einhver lesa blogg eða fylgjast með bloggi þarf sá hinn sami að

gerast áskrifandi og borga fyrir það. Hann segir að allt muni kosta í framtíð bloggsins (David Risley, 2013)

Eftir að hafa lesið tugi ef ekki hundruði blogga við gerð þessarar ritgerðar verða ég að segja að ég geti ekki verið sammála Risley hvað þetta varðar. Samhugur, hjálpfýsi og vilji til að deila þekkingu og með öðrum held ég sé peningagræðginni ofursterkari. Blogg mun vissulega breytast, með hvaða hætti get ég ekki verið viss en á meðan fólk hefur tækifæri til að láta raddir sínar heyrast er bloggið hvergi á undanhaldi.

Niðurstöður

Bloggið opnar, um fram allt annað, gáttir að nýjungum, möguleikum og nýjum tækifærum fyrir þá sem eru tilbúnir til að nýta sér alla þá möguleika sem það býður uppá. Þessi heimur og stór og víðfemur. Það er engin leið að vita hvar hann endar en við höfum nokkurn skilning á því hvernig hann byrjar. Á hverjum degi bætast við ný blogg og dýpt þess heims verður meiri og ríkari fyrir vikið. Fólk getur því hallað sér aftur, séð eigin frásagnir á tölvuskjánum það getur og hugsað: „Er þetta það sem ég hef að segja, líður mér svona, þetta er það sem gerðist í dag, þessu hef ég áorkað,“ smellt á músina og sent hugsanir sínar og tilfinningar eftir ljósleiðurum tækninnar og út í hina miklu iðu. Það veit að það fær væntanlega svar frá fjarlægum bloggvinum, hugsanlega frá öðru landi, uppörvandi eða skemmtilegt svar sem það lifir á það sem eftir lifir dags.

Sýnt hefur verið fram á að þeir sem blogga reglulega finni fyrir betri andlegri líðan, upplifi sig síður einangraðir með tilfinningar sínar og líður almennt betur við það að skrifa um líf sitt og tilfinningar á bloggin sín og fá viðbrögð við þeim. Einnig getur blogg verið stökkpallur fyrir rithöfunda og annað hæfileikaríkt fólk eins og kemur fram í köflum 2 og 4.

Í megin dráttum eru það samskipti sem gera bloggið að því sem það er, það er hægt að búa til reglur um útlit og virkni, fólk getur farið eftir þeim, en það gerir fyrst og fremst það sem það langar til og það er kannski kjarninn í blogginu. Frelsið til athafni, en alltaf innan skynsamlegra marka sem tilheyrir hverju samfélagi. Það sést best í kafla 3 hvað gerist ef fólk er á einhvern hátt óheiðarlegt eða villir á sér heimildir. Bloggarar eru duglegir að segja skoðun sína á málefnum líðandi stundar og gera kröfur um heilindi í samfélagi sínu á bloggheimum. Á meðan fólk hefur frá nógu að segja, hefur skoðanir, hugmyndir og áhugmál sem það langar til að deila með öðrum, kenna öðrum og læra af öðrum mun bloggið lifa góðu lífi.